

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/1995  
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 16/1995)*

**Samband íslenskra tryggingafélaga  
gegn samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi, dags. 7. apríl 1995, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála hinn 10. apríl 1995, hefur Samband íslenskra tryggingafélaga skotið [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 16/1995](#), frá 30. mars 1995, til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með ákvörðuninni hafnaði samkeppnisráð kröfu áfrýjanda um að grípa til aðgerða vegna starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur. Krefst áfrýjandi þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi. Forsendur kæru áfrýjanda til samkeppnisráðs og fyrir áfrýjunarnefndinni byggjast einkum á því að Gjaldheimtunni í Reykjavík sé falið að innheimta váttryggingaiðgjöld fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur og að váttryggingaiðgjöld þessi séu innheimt með opinberum gjöldum, þ.e. á sömu greiðsluseðlum og álögð gjöld samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvörðunarorð samkeppnisráðs eru svohljóðandi: „Óskum Sambands íslenskra tryggingafélaga sem fram koma í erindi dags. 16. nóvember 1994, um að Samkeppnisráð grípi til aðgerða vegna starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur, er hafnað.“

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Málið var tekið fyrir á fundi hjá nefndinni hinn 29. maí 1995. Var þá áfrýjanda gefinn kostur á að tjá sig um málið. Ennfremur var samkeppnisráði og borgarlögmanni fyrir hönd Húsatrygginga Reykjavíkur gefinn kostur á að gera grein fyrir máli sínu. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

## II.

Upphaf máls þessa má rekja til þess að með lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar var einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkur á lögboðnum brunatryggingum húseigna í Reykjavík lagðar niður og váttryggingafélögum veitt heimild til að brunatryggja húseignir í Reykjavík. Í framhaldi af því reis upp sá ágreiningur sem hér er til umfjöllunar.

Áfrýjandi byggir kæru sína á því að beita skuli ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga njóti opinber aðili einhvers konar ívilnunar. Þannig geti aðstöðumunur sem rakinn verði til laga eða stjórnvaldsfyrirmæla, t.d. í formi skattívilnana eða innheimtuhagræðis af þóknun, talist opinber vernd í þessu sambandi.

Þá byggir áfrýjandi á því að heimild Gjaldheimtunnar í Reykjavík, nái einungis til að innheimta opinber gjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda. Vart verði lög eða venjur túlkaðar á þann veg að váttryggingaiðgjöld félags í eigu sveitarfélags, sem framvegis beri að reka í samkeppni og á jafnréttisgrundvelli við önnur váttryggingafélög, teljist opinber gjöld.

Ennfremur bendir áfrýjandi á að í afkomulegu og rekstrarlegu samhengi verði að líta til hvernar váttryggingagreinar fyrir sig en samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi sé heimild til hennar bundin við ákveðnar greinar. Þannig verði iðgjald í hlutaðeigandi váttryggingagrein að standa undir tjóns- og rekstrarkostnaði greinarinnar. Í ljósi þessa orki tvímælis að samkeppnisráð með vísan til smæðar Húsatrygginga Reykjavíkur á tryggingamarkaðnum og þess að brunatryggingar séu aðeins óverulegur hluti af starfsemi váttryggingafélaga skuli hafna því að sú hagkvæmni sem í innheimtutilhögun Húsatrygginga Reykjavíkur felist skapi mismunun og takmarki samkeppni.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

## III.

Áfrýjun Sambands íslenskra tryggingafélaga á ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 16/1995 hér fyrir áfrýjunarnefndinni vegna starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur er byggð á eftirfarandi ástæðum:

Að Gjaldheimtunni í Reykjavík skuli falið að innheimta váttryggingaiðgjöld fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur.

Að váttryggingaiðgjöld Húsatrygginga Reykjavíkur skuli innheimt með opinberum gjöldum, þ.e. á sömu greiðsluseðlum og álögð gjöld samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Húsatryggingar Reykjavíkur störfuðu samkvæmt lögum nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík. Samkvæmt þeim lögum höfðu Húsatryggingar Reykjavíkur einkarétt á lögboðnum brunatryggingum húsa í Reykjavík. Með lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar var þessi einkaréttur rofinn þannig að váttryggingafélögum var frá 1. janúar 1995 gert kleift að hasla sér völl á þessum markaði.

Brunatrygging húseigna er skyldutrygging samkvæmt lögum um brunatryggingar nr. 48/1994. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögnum skal tekjum sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur varið til eflingar brunavörnum og tryggingastarfsemi. Starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur er fjárhagslega aðskilin frá öðrum rekstri Reykjavíkurborgar.

Því hefur ekki verið andmælt að Húsatryggingar Reykjavíkur beri að fullu þann kostnað sem hlýst af innheimtu brunatryggingaiðgjalda en Gjaldheimtan í Reykjavík hefur annast hana samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 68/1962. Hið sama gildir um kostnað vegna fullnustugerða að því leyti sem á þær kann að reyna. Af þessu leiðir að sú aðferð sem notuð er við innheimtu iðgjalda Húsatrygginga Reykjavíkur fer hvorki í bága við 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga né önnur ákvæði þeirra laga.

Að því er varðar síðari málsástæðu áfrýjanda lítur áfrýjunarnefndin svo á að hún varði ekki samkeppni í þeim mæli að rök séu til þess að skera úr um þann lagagrundvöll sem þetta innheimtufyrirkomulag byggist á.

Niðurstaðan er því sú að staðfest er ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1995 frá 30. mars 1995.

**IV**  
**Úrskurðarorð:**

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1995 frá 30. mars 1995 er staðfest.

Reykjavík, 12. júní 1995

Stefán Már Stefánsson  
(sign)

Kirstín Flygenring  
(sign)

Þórunn Guðmundsdóttir  
(sign)